

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalds í Akureyrarkaupstað, nr. 810/2015.

1. gr.

Í ákvæði 4.3, um grunn gatnagerðargjalds, hækkar hundraðshluti af grunni gatnagerðargjalds fjölbýlishúss í 5%.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti ofangreinda breytingu á fundi sínum þann 11. desember 2018 og auglýsir þá ákvörðun með tilvísun til laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Breytingin öðlast gildi við birtingu.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. janúar 2019,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2019